

## FUNDARGERÐ

Vinnufundur um frumvarp um gagnageymd, dags. 21. júlí 2015

Fundarmenn: Hörður Helgi Helgason (HHH), Aðalheiður Ámundadóttir (AÁ) og

Elísabet Pétursdóttir (EP)

### 1) Breyting á 80., 81. og 83. gr. sakamálalaga

AÁ sagðist leggja þessar breytingar til með hliðsjón af því að með afnámi 2. mgr. 43. gr. fjarskiptalaga þurfi að lenda réttarástandinu eins og það ákvæði hefði ekki verið sett.

AÁ sagðist enn fremur hafa haft hliðsjón af dómi MDE. Þar koma m.a. fram að það skuli vera gert að skilyrði í gagnavörsluákvæðum að aðgangur að gögnum skuli *háður dómsúrskurði* og að *alvarleiki brota sé skilgreindur*.

AÁ upplýsti aðra fundarmenn um að tilvísun til refsiramma var að finna í lögum um meðferð opinberra mála en datt úr með nýju sakamálalögum, enda ekki þörf vegna 2. mgr. 43. gr. fjarskiptalaga. Í síðustu útgáfu oml. var miðað við að brot sætti tveggja ára fangelsisrefsingu.

AÁ ætlar að setja inn umfjöllun um aðdraganda ákvæðis fjarskiptalaga í núverandi mynd inn í frumvarpið. Með því er vísað til þess hvernig tilskipunin varð aldrei að neinu, breytt ákvæði á sviði opinbers réttarfars, viðhorf Persónuverndar á sínum tíma o.fl. þess háttar.

### 2) 2. mgr. 83. gr. sakamálalaga

AÁ nefndi fyrirspurn Bjarna Ben þegar hann var í stjórnarandstöðu sem fjallaði um 2. mgr. 83. gr. sakamálalaga.

Málgreinin er svohljóðandi: Auk þess sem segir í 1. mgr. verða þau skilyrði að vera fyrir hendi svo að gripið verði til aðgerða skv. 81. gr. og 1. mgr. 82. gr. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi *ellegar að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess*.

Rætt var um skáletraða hluta málgreinarinnar að ofan. Komist var þó að þeirri niðurstöðu að stýrihópurinn muni ekki fást frekar við þetta atriði.

### 3) 3. gr. frumvarpsdraga

AÁ ætlar að skoða orðalag 3. gr. frumvarpsins með sérstöku tilliti til hvernig orðin „og“ og „eða/ellegar“ eru notuð í ákvæðinu. HHH bendi á túlkunarvanda ákvæða þar sem fyrst er notast við „og“ og svo síðar „eða“.

### 4) Tilvísanir í lögum

HHH bað AÁ um að skoða tilvísanir til 80. og 83. gr. sakamálalaga í sakamálalögum og öðrum lögum.

### 5) Leiðrétt réttarástand

Fjallað var um þau skilyrði sem voru til staðar í tíð laga um meðferð opinberra mála en hurfu með tilkomu sakamálalaga (sjá umfjöllun að ofan). Fjallað var um hvort við værum í raun ekki bara að leiðrétt réttarástand með því að setja aftur inn að brot yrði að varða tveggja ára

fangelsi. Niðurstaðan var að svo væri enda segir MDE að við þurfum lágmark. HHH beindi því sérstaklega til AÁ að hafa hliðsjón af frumvarpi sem samið var af réttarfarsnefnd og refsiréttarnefnd. AÁ skoðar.

#### **6) Orðalag 1. gr. frumvarpsdraga**

HHH benti á að 8. kafli fjarskiptalaga fjallar um viðskiptaskilmála.

HHH og AÁ eru sammála um að lendingin verði ekki sá farvegur sem frumvarpið er í í dag. HHH bendir á það álitæfni varðandi svonefnt Vodafone-lekamál hvort þau gögn sem þar um ræddi féllu yfir höfuð undir gildissvið fjarskiptalaga, sbr. 1. gr. þeirra laga.

Niðurstaðan var að fella ákvæðið brott en ekki breyta því.

AÁ breytir frumvarpsdrögum í „Ákvæðið fellur brott“ í stað þeirra tillagna sem þar er að finna núna.

#### **7) Kafli um tilefni og nauðsyn**

Þar þarf að víkja frekar að starfi stýrihópsins.

#### **8) MDE dómurinn sem liggur til grundvallar þessu öllu.**

AÁ taldi mega skerpa á reifun dómsins. Fundarmenn sammála um það. AÁ gerir.

#### **9) Skýringar við einstakar greinar**

Skýringar við einstakar greinar verða gerðar ítarlegari.

Það má færa texta frá almennum athugasemdum í skýringar við einstakar greinar. Í dag er verið að útfæra atriði sem eiga frekar heima í skýringum í almennum athugasemdum.

#### **10) Fundi slitið.**